



# Pési

**ATH!!**Næsti Pési kemur út í okt.Efni þarf að berast í síðasta lagi 5.okt



## Frá Bókasafni Hrunamanna



Bókasafnið er áskrifandi að til dæmis tímaritinu Eiðfaxa, Hús & híbýli, Gestgjafanum, Vikunni, Sýrpunni og Rauðu seríunni svo það er alltaf eitthvað nýtt. Eins eru alltaf einhverjar nýjar og spennandi bækur á safninu til að lesa eða til að flétta og skoða.

### Bókasafnið er opið:

Mánudaga kl. 20-21  
Þriðjudaga kl. 16-18  
Miðvikudaga kl. 16-18  
Fimmtudaga kl. 16-18

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  Facebook



Munið að skila safngögnum, skilalúgan er alltaf opin ☺



## Sundlaugin á Flúðum. Opnunartími

Mánud-föstud: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

**Tækjasalur í Íþróttahúsi. Opnunartími**

Mánudaga til fimmtudaga: 16:30-20:30.

Föstudaga: 12:30-18:00

### **Hrunaréttir hefjast klukkan 10:00 föstudaginn 14. september.**

Einhverjar tafir verða á umferð frá Tungufelli að Hrunaréttum fimmtudaginn 13. september eftir hádegi og föstudaginn 14. september milli klukkan 12:00 til 16:00, þegar féð verður rekið heim á bæi.

Heiðarsmálamennskur verða laugardaginn 22. september.

Óheimilt er að setja fé í Launfitagirðinguna eftir 14. september. Hross eru ekki leyfð í dilkum í réttunum, þau hross sem koma á fimmtudagskvöldi eru geymd í Launfit og á réttardaginn verður búið að setja upp girðingu fyrir hross sem koma þann dag. Lausaganga hunda er ekki leyfð í réttunum á réttardaginn.

Sept 2018  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson  
Heimasíða: [www.fludir.is](http://www.fludir.is)

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -  
[svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is)

28. árgangur.  
329.tölublað.  
[pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is).  
Sími. 480 6600

## Sveitarstjórapistill

September er runninn upp og vonandi verður haustið okkur bærilegt til að bæta upp slakt sumar. Væntanlega eiga þeir sem standa í útirækt í grænmeti og fleiri ræktendur það inni hjá veðurguðunum. Annars fer tími“ fyrir og eftir réttir“ að hefjast og venju samkvæmt verður örugglega stemming í sveitinni á réttardaginn. Það telst líka til tíðinda í afréttarsögunni þegar nýr fjallkóngur tekur til starfa en Steinar í Auðsholti óskaði eftir að láta af þessu „embætti“ eftir farsæl ár í starfi. Vil ég óska Jóni Bjarnasyni velfarnaðar sem nýr fjallkóngur og jafnframt þakka Seinari fyrir góð störf.

Annar haustviðburður er liðinn og það er Uppskeruhátíðin okkar sem núna var haldin 1.september. Venju samkvæmt var góður bragur á þessari heimahátíð okkar og vona ég að bæði gestir og heimafólk hafi notið þess sem var í boði. Ég vil meina að þessi viðburður eigi góða framtíð fyrir sér og geti vakið jákvæða athygli á sveitarfélaginu og hjálpað þeim aðilum sem selja vörur og þjónustu í sveitarfélaginu.

Annað sem er áberandi nú í haust er að framhaldsskólar á höfuðborgarsvæðinu eru að sækja í að koma með nýnema upp á Flúðir til að hrista krakkana saman. Það er greinilega aukin eftirspurn að komast til okkar og greinilega góð meðmæli með staðnum og svæðinu að sumir skólar hafa komið í mörg ár. Þessir hópar hafa verið að leigja félagsheimilið og verður met slegið þegar um 200 krakkar koma frá FG. Maður sér þess víða merki um að litið sé til Flúða sem heppilegs fundarstaðar.

Nú gerðist sá merkisatburður að fyrstu notendur Hrunaljóss gátu tengst ljósleiðaranum. Þetta er afar gleðilegt og vonandi mikið framfaraskref í sveitarfélaginu. Núna er staðan sú að um 60 notendur geta tengst og styttest í að fleiri bætast við. Verið er að klára framsveitina og síðan verður haldið áfram út frá Flúðum. Sveitarstjórn hefur tekið þá ákvörðun að klára verkið á þessu ári ef veður leyfir þrátt fyrir að ekki séu í hendi styrkir fyrir allt verkefnið. Kallar það á fjármögnun þar til styrkir liggja fyrir en mikilvægara er að mínu mati að klára málið. Síðan höfum við áhuga á að reyna að þjónusta okkur góðu sumarhúsaeygendur og bjóða þeim upp á þann möguleika að tengjast ljósleiðaranum. Eru áhugasamir sumarhúsaeygendur eða sumarhúsafélög beðin að hafa samband við skrifstofuna ef þeir vilja kanna málið.

Tengt Hrunaljósi þá stendur til að komið verði upp jarðskjálftamæli í aðstöðu Hrunaljóss í Félagsheimilinu. Það er að verða til mjög fullkomið net af jarðskjálftamælum á Suðurlandi og gott til þess að vita að hér verði mælipunktur líka sem gefur viðbragðsaðilum möguleika að fylgjast með hvað er að gerast undir okkur öllum.

Nú er átakið plastlaus september í gangi og er það vel að vekja athygli á þeim flokki úrgangs og að við hugleiðum hvernig við getum bætt okkur og dregið úr notkun plasts eftir mætti. Ég var að vona að pressugámur undir plast væri kominn á gámasvæðið á Flúðum en þegar þetta er skrifað er hann ekki kominn á staðinn en við látum vita um leið og það gerist þannig að það verði raunhæfur möguleiki að afsetja plast. Annar moli varðandi plast er sá að okkur er sagt að allir þessir litir í rúlluplasti séu alls ekki umhverfisvænir og best sé að hafa sem fæsta liti í gangi. Hvítt rúlluplast er víst langbest í endurvinnslu síðan er litun plastsins ekki umhverfisvæn. Síðan er alltaf sama óvissan hvert skal stefna með úrganginn á Suðurlandi en verið er að leita leiða til að Suðurland geti lagt samstarfi sorpsamlaga á Suðvesturhorninu til urðunarstað fyrir „óvirkan“ úrgang. Ef einhver veit um land undir slíkt endilega látið mig vita! Annað umhverfismál er að nú er liðið ár síðan Hitaveita Flúða keypti rafmagnsbíl. Nú hefur bílnum verið ekið um 10 þúsund kílómetra með tilheyrandi sparnaði vegna olúkaupa. Það verður mjög spennandi að fylgast með orkuskiptum næstu ára.

Nú sér fyrir endann á framkvæmdum við Langholtsveg út að Melum og langþráður draumur að rætast að fá góðan veg. Á meðan ekki er búið að ljúka framkvæmdum og koma m.a. upp hraðahindrum hvet ég bílstjóra til að virða hraðamörk og muna að börn eru á ferli á þessum slóðum vegna skóla og frístundastarfssemi. Almennt skulum hafa aðgát í umferðinni og munum að með skammdeginu eykst hættan gagnvart gangandi vegfarandum.

Að lokum vil ég minna á að nú með haustinu fer starfssemi félagssamtaka í sveitarfélaginu að fara af stað og vil ég hvetja alla til að notfæra sér þá þjónustu sem boðið er upp á. Bæði getur það verið í formi heilsuefningar eða líka á þann hátt að maður er manns gaman.

Njótum síðan haustsins saman.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

# 80

## STAÐIR

UM LAND ALLT



# EIMSKIP

Flytjandi



## ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

**EIMSKIP**  
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is

# KRANAÞJÓNUSTA

**B. R. SVERRISSON EHF.**

Sími 864 2499 (Bjarni)  
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter  
2 t spil • Bill með drifi á framöxli

# Baggamunur

Bókhalds- og skattaþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

[www.baggamunur.is](http://www.baggamunur.is)

[s@baggamunur.is](mailto:s@baggamunur.is)

866-9035



Ágætu sveitungar.

Ég vil byrja á því að þakka fyrir afbragðs stundir í þremur nýafstöðnum messum. Fyrst í síðsumarsmessu í Tungufellskirkju, þá í hestamannamessu í Stóra-Núpskirkju og loks í uppskerumessu í Hrunakirkju. Vel var mætt og móttökur heimafólks hinar höfðinglegustu. Alls munu 130 hross hafa verið í gerði við Stóra-Núpskirkju á meðan messa var sungin þar og messukaffi drukkið. Fermingarbörn settu skemmtilegan svip á uppskerumessuna sem orðin er að sannkallaðri fjölskylduhátíð. Síðar í mánuðinum verður dagskrá helgihaldsins dreift inn á hvert heimili í prestakallinu og vænti ég þess að hún fái sinn stað á ísskápnum. Næstu messur eru sem hér segir:

**23. sept.:** *Fjölskylduguðspjónusta* í Hrunakirkju kl. 11 og guðspjónusta í Stóra-Núpskirkju kl. 14.

**7. okt.:** *Guðspjónusta* í Hrunakirkju kl. 14 og *guðspjónusta* í Ólafsvallakirkju kl.14.

Að lokum óska ég öllum gleðilegra réttardaga og hlakka til samfunda í kirkjunum okkar.

*Óskar Hafsteinn Óskarsson*



Hefur þig alltaf dreynt um að syngja í karlakór? Nú er tækifærið, Karlakór Hreppamanna vill gjarnan bæta við sig söngmönnum. Það verður margt spennandi á dagskránni í vetur og því um að gera að vera með frá byrjun. Æft er á þriðjudagskvöldum kl 20:00 í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum. Æfingar hefjast 18. september, hlökkum til að sjá sem flesta.



**Hjörleifur Ólafsson**  
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is

[www.sveitir.is](http://www.sveitir.is)

Upplýsingar um ferðapjónustu  
og viðburði í Uppsveitunum

Höfum tekið í umboðssölu fóður frá  
Josera og deheus  
Verið velkomin til okkar  
Árni ehf Smiðjustíg 6



Húsnæði til leigu í vetur (20.sept-20.maí)  
Uppl. í síma: 861 6652 - Vigdis



Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar  
í Laugarási **432-2770.**  
Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi 432-2000

VIOLA snyrtistofa  
Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra  
ALESSANDRO naglalökk og gloss  
Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –  
Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.  
Tímamantanir í Síma 856-1599



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna  
Vinsamlegast pantið tíma  
í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

***Skrifstofa Hrunamannahrepps.***

***Opnunartími.***

***Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00***

***Föstudaga: 09:00-12:00***

**Sími: 480-6600**



**Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!**

**(Félagar í Félagi eldri Hrunamanna fá afslátt (5.500))**

**Tímamantanir í síma: 863 0433**

**Opið mánudaginn: 17. sept og  
föstudaginn 12. október**

**Allir velkomnir**

**Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur**





## Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna  
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



### Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík  
Sími 533-2211 - [www.nesfrakt.is](http://www.nesfrakt.is)  
Beint samband í flutningabil 773-1626

# Nesfrakt

## Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: [vondull@simnet.is](mailto:vondull@simnet.is)

## Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufraeðingur

Sími: 858-3399

[graennaland@simnet.is](mailto:graennaland@simnet.is)



Július og Atli við nýja hreinsibílinn

# Viltu syngja með?

## Kirkjukór Hruna- & Hrepphólasókna

Kirkjukórinn tekur til starfa vikuna eftir réttir eða fimmtudaginn 20. september og við bjóðum nýja félaga hjartanlega velkomna í hóp af kátu fólki.

Það er skilyrði að það hafi gaman af söng og vera tilbúinn í að syngja í messum og þeim upptökum sem kórnum býðst.

### Staður:

Félagsheimili Hrunamanna

### Hvenær?

Á fimmtudögum kl. 20:30-22:30

### Fyrsta æfing?

Fimmtudaginn 20. september kl. 20:00



Áhugasamir hafi samband við Stefán Þorleifsson organista fyrir prufusöng.

Gsm: 615-2920 \* Netfang: [stebbi@tonlist.net](mailto:stebbi@tonlist.net)

Kórinn sér um söng við helgihald í Hruna- & Hrepphólakirkjum auk þess að halda sjálfstæða tónleika.

Lítill stúdíó íbúð á Flúðum til leigu fram á vor,  
laus strax.

Nánari upplýsingar í síma 8956702





Öll almenn smíðavinna,  
nýsmíði, viðhald og viðgerðir  
sími: 888-1975/865-7499

**Samkaup** **strax**

Flúðum

Opnunartími Vetur 2018

Mánudaga til föstudaga: 09:00–19:00

Laugardaga : 10:00–19:00

Sunnudaga: 11:00–18:00

**Verið velkomin**

Starfsfólk Samkaupa Strax á Flúðum

Sími: 486 6633

**Skólaakstur—Flúðaskóli**

Laus er til umsóknar leiðin: Langholtsfjall-

Auðsholt frá og með 1. desember 2018.

Umsóknarfrestur er til 28. september nk.

Nánari upplýsingar veitir skólastjóri

í síma: 480 6610 eða netfang:

[fludaskoli@fludaskoli.is](mailto:fludaskoli@fludaskoli.is)



# Flúðasveppir Farmers Bistro

Garðastigur 8, 845 Flúðir



## Matseðill – Við ræktum það sem við bjóðum upp á

### Aðalréttir

Sælkerahlaðborð – kaffi eða te innifalið	2.390 ISK
Matarmikið kjúklingasalát með dressingu	2.490 ISK
Lambasveppabaggi með salati	2.490 ISK
Grænmetisbuff með salati og hvítlauks-og basilsósu (vegan)	2.100 ISK
Flatbaka með sveppum, tómötum og papriku (tortilla)	1.890 ISK
Allir barnaréttir á matseðli	990 ISK

### Eftirréttir

Sveppaís	1.190 ISK
Gulrótariś	1.190 ISK
Gulrótar/byggkaka	1.190 ISK




We serve what we grow



Opið er frá 12:00 til 17:00 á veturnar og 12:00 til 18:00 á sumrin.

Tökum á móti hópum allt að 95 manns á kvöldin með sér matseðli ef óskað er.

Borðapantanir á [booking@farmersbistro.is](mailto:booking@farmersbistro.is) og s. 519-0808

 [farmersbistro](https://www.facebook.com/farmersbistro), [farmersbistro.is](https://www.farmersbistro.is)



# Litla Melabúðin

## FARMERS MARKET

Opið alla daga milli kl. 13:00-17:00  
Open daily 1pm-5pm



Vörur úr  
heimabyggð.

Locally grown  
Locally owned

### Beint frá býli

Grænmeti, kryddjurtir, holdanautakjöt, eldis-silungur, heimagerðar sultur og flatkökur, Arna laktósafrjár mjólkurvörur og margt fleira.

Vegetables, herbs, Angus beef, brown trout, homemade jams and flatbreads, Arna lactose free dairy and variety of other products.

Melum, Flöðum

Hrunamannahrepp

@litlamelabudin

www.facebook.com/litlamelabudin/





Sími 899-2910 

**Ágúst/sept 2018**

[www.pizzavagninn.is](http://www.pizzavagninn.is)

Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
23. ágúst	24. ágúst <b>Brautarholt</b> 18:00-20:30	25. ágúst <b>Reykholt</b> 18-21
30. ágúst <b>Laugarvatn</b> 18:00-20:30	31. ágúst <b>Flúðir</b> 18-21	1. sept <b>Lokað í dag</b>
6. sept	7. sept <b>Árnes</b> 18:00-20:30	8. sept <b>Reykholt</b> 18-21
13. sept <b>Laugarvatn</b> 18:00-20:30	14. sept <b>Lokað vegna réttardags</b>	15. sept <b>Borg</b> 18:00-20:30



Sími 899-2910 

**Sept/okt 2018**

[www.pizzavagninn.is](http://www.pizzavagninn.is)

Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
20. sept	21. sept <b>Brautarholt</b> 18:00-20:30	22. sept <b>Reykholt</b> 18-21
27. sept <b>Laugarvatn</b> 18:00-20:30	28. sept <b>Flúðir</b> 18-21	29. sept <b>Lokað í dag</b>
4. okt	5. okt <b>Árnes</b> 18:00-20:30	6. okt <b>Reykholt</b> 18-21
11. okt <b>Laugarvatn</b> 18:00-20:30	12. okt <b>Flúðir</b> 18-21	13. okt <b>Borg</b> 18:00-20:30



**Pizza  
vagninn**

Sími 899-2910



**Október/nóvember 2018**

[www.pizzavagninn.is](http://www.pizzavagninn.is)

Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
18. okt	19. okt <b>Vetrarfrí</b>	20. okt <b>Vetrarfrí</b>
25. okt <b>Laugarvatn</b> 18:00-20:30	26. okt <b>Flúðir</b> 18-21	27. okt <b>Reykholt</b> 18-21
1. nóv	2. nóv <b>Árnes</b> 18:00-20:30	3. nóv <b>Reykholt</b> 18-21
8. nóv <b>Laugarvatn</b> 18:00-20:30	9. nóv <b>Flúðir</b> 18-21	10. nóv <b>Borg</b> 18:00-20:30

Árlega tilnefni Skógræktarfélag Hrunamanna tré ársins í sveitarfélaginu. Í ár varð fyrir valinu tréð sem stendur á milli Ráðhúss Hrunamannahrepps og Vínbúðarinnar.

Tréð er Fjallafura, pinus mugo, það er 25 ára gamalt. Ræktendur eru Kristín og Jóhannes í Hvammi. Tréð var gróðursett fyrir 21 ári og hefur vaxið og dafnað undir eftirliti hennar Gurru sem sá um að garðinn til marga ára.









„Tómasarhóll“ í landgræðslugirðingunni á Hrunamannaafretti

## Knattspyrnuæfingar skólaárið 2018-2019

Í haust/vetur verður boðið uppá æfingar vikulega.

Æfingarnar verða sem hér segir:

Á þriðjudögum frá kl. 15:10 - 16:30 fyrir 3. - 10. bekk (árgangar 2003 - 2010).

Æfingarnar verða áfram á íþróttavellinum svo lengi sem veður leyfir, þær halda síðar áfram inni íþróttahúsi.

Gjaldið er 8.500 krónur fyrir önnina og verður sent til innheimtu í heimabanka.

Þjálfari verður Jón Hermann Vignisson.

Vinsamlegast sendið fyrirspurnir og skráningar  
á netfangið: [umfh.fotbolti@gmail.com](mailto:umfh.fotbolti@gmail.com)



Knattspyrnudeild UMFH

SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2
Mánudagur		Þriðjudagur		Miðvikudagur		Fimmtudagur		Föstudagur	
13.00-14.00 Íþróttaskóli 1.-2. b.		15.10-16.30 Fótbolti 3.-10. b		15.10-16.20 MB 3.-4.b.		13.00-14.00 Íþróttaskóli 1.-2. b.		12.30-13.30 Íþróttaskóli 1.-2. b.	
14.00-15.00 MB 3.-4.b		16.30-17.45 7.-10.fl.kvk.		16.20-17.40 Frjalsar 6.-10. b.		14.00-15.00 Tími eldri borgara		13.30-14.40 Mb 3.-4.b.	
15.00-16.10 MB 5.-6.b		17.45-19.00 7.-10.fl.ka.		17.40-19.00 7.-10.fl.ka.		15.10-16.20 MB 5.-6.b.		14.40-16.00 7.-10.fl.ka.	
16.10-17.10 Frjalsar 3.-5. b.		19.00-20.30 BLAK KVK		19.00-20.30 MFL KA.		16.20-17.25 7.-10.fl.kvk.		16.00-17.30 Fjölskyldutími	
17.10-18.30 Frjalsar 6.-10. b.		20.30-22.00 Old boys Fótbolti		20.30-21.30 Karlasport		17.25-18.30 7.10.fl.ka.		17.30-19.00 MFL KA.	
18.30-20.00 7.-10.fl.kvk.						18.30-20 BLAK KVK			
20.00-21.00 BLAK KK						20-21.30 BLAK KK			
21.00-22.30 MFL KA.									



UMFH - Vetrarstarf  
Æfingatafla 2018-2019 í  
Íþróttahúsinu á Flúðum

Þjálfarar
Blak kvk
Blak kk
Frjalsar íþróttir
Fótbolti
Íþróttaskóli
Karfulbóli
Old boys
Karlasport
Fjölskyldutími

Árni Þór Hilmarsson  
Kristján Geir Guðmundsson  
Guðbjörg Víðarsdóttir og Anna Þórný Sigfusdóttir  
Jón Hermann Vigmisson  
Árni Þór Hilmarsson - Jónína Sif Harðardóttir - Flórijan Jóvanov  
Árni Þór Hilmarsson - Flórijan Jóvanov - Órri Ellíriðsson - Eyþór Órri Arnason  
Enginn þjálfari - greitt fyrir tímanna í afgreiðslu  
Margrét Guðmundsdóttir (námskeið sem verða náðar auglýst síðar)  
Enginn þjálfari - greitt fyrir tímanna í afgreiðslu

Æfingar hefjast 5.  
september skv. töflu.  
Frjalsar hefjast  
10.september.

Tækjásalur:  
Mán-Fim:16.00-21.30  
Fös: 13.00-18.30

Tækjásalur er opin  
um helgar þegar það  
eru mót í húsinu.  
Fylgist með á  
facebook!

## Danmerkurferð 10.bekkjara Flúðaskóla

Eins og undanfarin ár fór 10.bekkur Flúðaskóla í námsferð til Danmerkur nú í skólabyrjun. Við heimsóttum Den Alternative Skole í Hillerød og gistum þar í þrjár nætur og svo tvær nætur í Kaupmannahöfn. Við eyddum tíma með nemendum úr Den Alternative Skole, bæði í skólanum og í heimgastingu og fórum svo með þeim til Helsingør þar sem við eyddum degi saman.

Undir dyggri leiðsögn Margrétar ferðumst við m.a. til Hróarskeldu og skoðuðum dómkirkjuna þar og víkingasafnið. Þá var einnig farið á Bakken og í Tívolið í Kaupmannahöfn, við heimsóttum vísindasafnið Eksperimentarium, Amalienborg, Strikið, Nyhavn og fleira sem ekki verður talið upp hér.

Ferðin gekk vel í alla staði og viljum við þakka allan þann stuðning sem hjálpar svo sannarlega til við að ferðir sem þessi verði að raunveruleika. Samfélagið allt hefur aðstoðað foreldra og nemendur við söfnunina og sendum við þeim okkar bestu þakkir.

Halla Sigga og Margrét



Stefán Þorleifsson tók myndina af hópnum í Kaupmannahöfn

## ***Frá Félagi eldri Hrunamanna***

Vetrarstarfið í kjallara Heimalands byrjar þriðjudaginn 2. október kl. 13:00.

Lestur Íslendingasagna hefst líka þennan dag kl. 10:15.

Í vetur verður Grettis saga lesin.

Hittumst hress og kát.

### ***Vatnsleikfimi***

Vatnsleikfimin byrjar **mánudaginn 17. september** og verður á mánudögum kl. 15:20-16:00

og á miðvikudögum kl. 16:20-17:00.

Allir velkomnir. Félagar í FEH borga ekki námskeiðsgjald.

### ***Ferð á söguslóðir Njálu***

Ferð á söguslóðir Njálu er fyrirhuguð laugardaginn 29.

september *ef veður leyfir*. Lagt verður af stað frá Félagsheimilinu

kl. 13:00 og frá Hvolsvelli kl 14:00. Þar tekur leiðsögumaður,

ættaður úr Hrunamannahreppi, við hópnum og leiðir okkur um

þekktustu sögustaði Njálu í Rangárþingi og tekur sú ferð tvo og

hálfan til þrjá tíma. Allir félagar velkomnir og þátttaka ekki háð

því að hafa lesið söguna. Frítt í rútuna. Þátttökugjald 500 kr. og

einhver kostnaður verður hjá þátttakendum þegar við kaupum

okkur veitingar.

Vinsamlegast bókið ykkur í ferðina í síðasta lagi miðvikudaginn

26. sept. hjá Björgu í síma 8646639 eða Kristínu, Hvammi 2, í

síma 4866640/ 8642154 .

Með bestu kveðju,

stjórnin

Dósasöfnun fyrir Danmörkuferð 9.bekkar hefst eftir réttir. Við verðum á ferðinni tvisvar sinnum fyrir áramót, tvisvar sinnum eftir áramót og svo einu sinni næsta sumar. Dósasöfnunin er aðalfjáröflun krakkana fyrir ferðina. Við hvetjum sveitunga okkar að taka vel á móti krökkunum og styrkja þau með þessari söfnun ☺ Með fyrirfram þökk 9.bekkur

## Plastlaus september.

Hrunamannhreppur hvetur alla til þess að taka þátt í árvekníáttakinu plastlaus september.



Plastlaus september er árvekníáttak sem ætlað er að vekja fólk til umhugsunar um ofgnótt og skaðsemi plasts í umhverfinu og benda á leiðir til að draga úr notkun á einnota plasti. Við hvetjum fólk til að taka þátt í Plastlausum september, og vonum að þátttaka í áttakinu leiði til minni plastnotkunar til frambúðar.

Allar nánari upplýsingar eru á <https://plastlausseptember.is/> og <https://www.facebook.com/PlastlausSeptember/>

---

## Vinnustofan Kjallarinn.

Við viljum benda á að hægt er að fá margnota poka og aðrar umhverfisvænar vörur eins og bossa- og hreinsklúta í vinnustofunni, Kjallaranum á Flúðum.



# Steinsögun

Tek að mér steinsögun í uppsveitum Árnessýslu, get sagað allt að 27 cm.

Verð og aðrar upplýsingar veitir Kristján Valur í síma: 8657158



**TAXI á svæðinu sem mun þjónusta  
Grímsnesið, Bláskógabyggð, Hrunamannahr og  
Skeiða og Gnúpverjahn.**

**Og allar sumarþustaðabyggðir á þessum svæðum  
eftir bestu getu.**

**TAXI DRIVER      Sími: 7760810 & 7831224**



Erum komin með vélar til að  
útbúa glussaslöngur  
Árni ehf, Smiðjustíg 6



## Uppspretta velliðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

**Ópið alla daga vikunnar**

[www.fontana.is](http://www.fontana.is)



LAUGARVATN

**fontana**

Hotiuhind frá landnámi

# Minum á meðfylgjandi leiðbeiningar!!

## Óleyfilegt niðurhal?

Hugsum okkur um áður en halað er niður!

Allt sem við setjum í frárennslið hefur áhrif á nærumhverfi okkar. Eftirfarandi hlutir geta stíflað frárennslið, pípur og dælur eða mengað umhverfið og á ekki að sturta niður í klósettið.



Dómubindi, bleyjur og tíðatappar



Hár



Plastpokar



Nærfatnaður eða tuskur



Blautpurrkur



Lyf og vitamin



Smokkar, plástrar og sáraumbúðir



Kattasandur



Olía eða önnur feiti



Eymapinnar og bómullarhnoðar



Svampar



Tannþráður

Munum að klósettið er **EKKI** ruslafata!

Lyfjum og lyfjaafgöngum á að skila í lyfjaverslanir



**Föstudaginn 21. september n.k. heldur Soroptimistaklúbbur Suðurlands Vinkonukvöld í Þingborg í Flóahreppi og hefst það kl. 20.00.**

**Sérstakur gestur verður Sigprúður Guðmundsdóttir**

forstöðumaður Kvennaathvarfsins



Ung tónlistarkona úr Hveragerði Berglind María Ólafsdóttir syngur nokkur lög.

JK design kynnrir og sýnir hönnunarvörur sínar *kjóla, klúta, leggings.*



Í andyri verður kynning á fatnaði frá DIM



Aðgangseyrir að þessari skemmtun er 3500 kr.

Léttar veitingar innifaldar í verði - en áfengir og óáfengir drykkir seldir á vægu verði.

Miðar verða seldir við innganginn og í versluninni **Vax á Selfossi Austurvegi 21**. Einnig hjá Soroptimistum á Suðurlandi.

Þetta er í fimmta sinn sem Soroptimistaklúbbur Suðurlands kallar saman vinkonur sínar til þess að skemmta sér og styrkja gott málefni.

Soroptimistar eru alþjóðasamtök fyrir vinnandi konur í öllum störfum.

Markmið Soroptimista er stuðla að heimsmynd þar sem konur og stúlkur ná í sameiningu fram því besta sem völ er á, bæði sem einstaklingar og sem hópur, þar sem þær geta látið drauma sína rætast til jafns við aðra og skapað sterk og friðsöm samfélög um allan heim.

F.h. Soroptimistaklúbbs Suðurlands

Ingibjörg Stefánsdóttir

*ingibjostef@gmail.com sími 8642972*